

Reikningsnúmer

Nafn			Kennitala
Heimasími	Vinnusími	Farsími	Netfang
Heimilisfang	Póstnúmer	Staður	
Atvinna		Vinnustaður	
Menntun			

Upplýsingar um fjárhagsstöðu (Á við ef sótt er um debetreikning, debetkort, kreditkort eða lán)

Útborguð laun á mánuði	Aðrar tekjur á mánuði
Áætluð greiðslubyrði allra lána á mánuði	

Viðskipti sem sótt er um
 Debetreikningur

Sparnaðarreikningar

Trompreikningur:

 Laus 12 mán 24 mán 36 mán 48 mán 60 mán

Bakhjarl:

 36 mán 48 mán 60 mán

 PM bundinn í 10 daga

 PM20

 SP12

 Netreikningur

 Gullárameikningur

 Áskriftarreikningur

 Vaxtavelta

 VSK reikningur

Kreditkort
 VISA

Gjaldeyrisreikningar

Tegund IG:

Önnur þjónusta
 Heimabanki

 Námsmannþjónusta 18 ára og eldri

 Greiðsluþjónusta

 Lífsval

Staður og dagsetning

Undirskrift

Útfyllist af starfsmönnum Sparisjóðsins

Vaxtaflokkur	Reikn.hafalykill	Athugasemdir
Gjaldaflokkur	Kortategund	
Útskriftarlykill	<input type="checkbox"/> Samþykkt <input type="checkbox"/> Synjað	Starfsmaður

Vegna laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

1. Almennar upplýsingar

Nafn viðskiptamanns	Kennitala	GSM-sími	Heimasími
Lögheimili	Póstnúmer og staður	Netfang	
Dvalarstaður (ef annað en lögheimili)	Póstnúmer		

2. Þjóðerni

Hvert er þjóðerni þitt? Íslenskt Annað, hvað? _____

Í hvaða landi greiðir þú skatta? Á Íslandi Annað, hvar? _____

3. Tilgangur viðskipta

Launareikningur Sparnaður Lánaviðskipti Annað, hvað: _____

Munt þú leggja inn háar fjárhæðir í reiðufé (þ.e. yfir 150.000 kr.) með reglulegu millibili? (*hér er átt við peningainlegg, ekki millifærslur eða laun)

Já Nei Ef já, vinsamlegast gerið grein fyrir tilgangi viðskiptanna: _____

4. Uppruni fjármagns

Hver er uppruni þeirra fjármuna sem notaðir eru í viðskiptum við sparisjóðinn?

Laun Söluhagnaður Arfur Annað, hvað? _____

5. Raunverulegur eigandi fjármuna

Ert þú sjálf/ur eigandi þeirra fjármuna sem notaðir eru/verða í viðskiptum við Sparisjóðinn? Já Nei

***Sé ofangreindri spurningu svarað játandi þarf ekki að fylla út liði 5.1.- 5.3. og útfyllingu eyðublaðs lokið fyrir utan undirskrift.**

5.1. Upplýsingar um raunverulegan eiganda fjármunanna:

Nafn	Kennitala	Lögheimili
------	-----------	------------

5.2. Hver er uppruni fjármunanna?

Laun Söluhagnaður Arfur Annað, hvað? _____

5.3. Hver er ástæða þess að þú munt eiga viðskipti fyrir hönd ofangreinds aðila?

„Í þeim tilvikum sem fjármunir eru í eigu þriðja aðila þarf hinn raunverulegi eigandi að sanna á sér deili með framvísun skilríkja.“

6. Undirskriftir

Staður og dagsetning	Undirskrift viðskiptamanns
Vottur 1; nafn og kennitala (ef eyðublað er ekki fyllt út á staðnum)	Vottur 2; nafn og kennitala (ef eyðublað er ekki fyllt út á staðnum)

Útfyllist af sparisjóðnum

Afrít tekið af löggildu skilríki nr: _____	Verkferli skráð <input type="checkbox"/>	Undirskrift starfsmanns: _____
<input type="checkbox"/> Vegabréf <input type="checkbox"/> Ökuskirteini <input type="checkbox"/> Nafnskirteini	Peningabv.-athugun <input type="checkbox"/>	

SAMÞYKKI FYRIR ÖFLUN OG NOTKUN UPPLÝSINGA ÚR FJÁRHAGSKERFUM OG FJÁRHAGSLEGRA UPPLÝSINGA

Ég undirritaður/við undirrituð veiti/veitum Sparisjóðnum fullt og ótakmarkað umboð til þess að óska eftir upplýsingum um eignastöðu og fjárhagsstöðu mína/okkar/félagsins hjá fjármálafyrirtækjum og öðrum lánadrottnum, þ.m.t. um eigna- og skuldastöðu, tekjur og gjöld, þ.m.t. öll innlán og innstæður, útlán og aðrar fjárskuldbindingar sem ég/við/félagið nú stend/stöndum/stendur í við fjármálafyrirtæki og aðra lánadrottna, hvort sem um er að ræða banka, sparisjóði, lífeyrissjóði, skattayfirvöld, opinberar stofnanir, Tollstjóra, Íbúðalánasjóð, önnur fjármálafyrirtæki eða aðra lánadrottna ásamt öllum öðrum gögnum tengdum þeim fjárskuldbindingum mínum/okkar/félagsins, þ.á m. hvort þau séu í vanskilum eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila.

Umboðið nær einnig til þess að sækja upplýsingar um láns hæfismat (áhættumat) mitt/okkar/félagsins til Creditinfo Lánstrausts hf., eða annarra sambærilegra aðila, sem og að kalla eftir yfirliti í gegnum Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf., eða annað sambærilegt kerfi, er skilar yfirliti sem m.a. inniheldur upplýsingar um fjárskuldbindingar mínar/okkar/félagsins við kröfuhafa sem eru tengdir kerfinu, þ.m.t. um það hvort vanskil séu til staðar. Láns hæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo Lánstraust hf., eða annar sambærilegur aðili, safnar saman, og/eða miðlar, svo sem upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. uppflettingum), hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Láns hæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar svo sem um stöðu vanskila og láns hæfismats í fortíð. Nánari upplýsingar um láns hæfismat (áhættumat) og Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. má finna á www.creditinfo.is.

Einnig veitir heimildin Sparisjóðnum heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína/okkar/félagsins, þ.e. fasteigna- og ökutækjaeign, í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu (Umferðarstofa) eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra upplýsinga skv. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. nr. 77/2000.

Ég undirritaður/við undirrituð samþykki/samþykkjum að framangreindar upplýsingar, þ.m.t. yfirlit Skuldastöðukerfisins og/eða láns hæfismatið, verði notað, þ.m.t. vistað, við ákvörðunartöku í tengslum við lánsviðskipti, vegna annars er tengist viðskiptasambandi aðila, vegna eftirlits í tengslum við slík viðskipti, varðandi boð um tiltekin kjör og í öðrum þeim tilvikum þegar Sparisjóðurinn hefur lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga, sbr. m.a. 8. gr. laga nr. 77/2000. Með samþykki mínu/okkar heimila/heimilum ég/við Sparisjóðnum að sækja og óska eftir nýjum upplýsingum í Skuldastöðukerfi, sækja og vakta vanskil, áhættumat og láns hæfismat mitt/okkar/félagsins hvenær sem er í tengslum við slík viðskipti, þ.m.t. eftir að lán hefur verið veitt, frá Creditinfo Lánstrausti hf. eða öðrum sambærilegum aðila, þegar Sparisjóðurinn telur slíkt nauðsynlegt til að gæta hagsmuna Sparisjóðsins, t.d. til að uppfylla kröfur um eftirlitskerfi með áhættu, eftirlit í tengslum við lánaviðskipti, framkvæma mat á útlánasafni eða í tengslum við ákvarðanatöku í tengslum við viðskipti viðskiptavinar við Sparisjóðinn.

Ég/við undirritaður/uð óska/óskum hér með eftir yfirliti frá Reiknistofu bankanna um allar skuldir og skuldbindingar mínar/okkar við hvert og eitt það lána- og/eða fjármálafyrirtæki sem Reiknistofa bankanna þjónar eða tengist. Þar með eru taldar allar skuldir, skuldbindingar og kröfur sem fjármálafyrirtækin innheimta fyrir aðra aðila.

Umboð þetta er í gildi á meðan Sparisjóðurinn hefur lögvarða hagsmuni af notkun þeirra upplýsinga sem fram koma í yfirliti Skuldastöðukerfisins og/eða lánshæfismatinu. Viðskiptavinur getur afturkallað umboðið hvenær sem hann óskar og tekur afturköllunin gildi 30 dögum eftir að Sparisjóðurinn hefur sannanlega mótttekið slíka skriflega afturköllun. Þá fellur samþykki þetta úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Sparisjóðurinn heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í yfirlýsingu þessari.

Ég undirritaður/við undirrituð veiti/veitum Sparisjóðnum heimild til að skuldfæra reikning _____ vegna kostnaðar skv. gjaldskrá Sparisjóðsins við öflun ofangreindra upplýsinga.

Staður/dagsetning

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Vottar að undirritun

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Mótttekið f.h. Sparisjóðsins:

Nafn	Kennitala	Sími
Heimilisfang	Netfang	
Undirrituð/undirritaður veitir hér með Sparisjóðnum fullt og ótakmarkað umboð til að óska eftir neðangreindum atriðum vegna flutnings á bankaviðskiptum mínum til Sparisjóðsins.		

Núverandi bankaupplýsingar			
Banki	Bankanúmer	Þjónustufulltrúi	Netfang
Væntanlegur viðskiptabanki			
Banki	Bankanúmer	Þjónustufulltrúi	Netfang
Óska eftir lokun og millifærslu af reikningum			Millifærið á
Banki	Hb	Reikningsnúmer	Athugasemdir

Fella niður skuldfærslu á eftirtöldum skuldabréfum				Ný skuldfærsla			
Banki	Hb	Skuldabréfanúmer	Reikningsnúmer	Banki	Hb	Skuldabréfanúmer	Reikningsnúmer

Segið upp eftirfarandi greiðslukortum							
Kreditkort nr.	-	-	-	<input type="checkbox"/>	Mastercard	<input type="checkbox"/>	VISA
Kreditkort nr.	-	-	-	<input type="checkbox"/>	Mastercard	<input type="checkbox"/>	VISA

Beingreiðslur - fyrirtæki sem þarf að tilkynna um breyttan greiðslureikning	

Undirritaður gefur einnig Sparisjóðnum fullt og ótakmarkað umboð til að sjá um eftirfarandi: Fella niður og							
<input type="checkbox"/> greiða upp yfirdráttarheimild á reikningi mínum <input type="checkbox"/> Segja upp greiðsluþjónustu minni hjá: <input type="checkbox"/> Tilkynna launagreiðanda um breyttan launareikning. Nafn fyrirtækis: <input type="checkbox"/> Tilkynna breytingu vegna greiðslna frá Ríkisféhirði vegna greiðslu frá Ríkissjóð á reikning: <input type="checkbox"/> Tilkynna breytingu vegna greiðslna frá Tryggingastofnun inná reikning: <input type="checkbox"/> Tilkynna breytingu vegna greiðslna frá lífeyrissjóði inná reikning. Nafn lífeyrissjóðs: <input type="checkbox"/> Breyta ráðstöfunarreikningi orlofsfjár, leggja inná reikning: <input type="checkbox"/> Öflunar og móttöku gagna er varða viðskiptaflutninginn: <input type="checkbox"/> Yfirlit yfir boð- eða beingreiðslur af reikningum mínum eða kreditkortum <input type="checkbox"/> Síðasta greiðsluþjónustusamning <input type="checkbox"/> Annað:	<table border="1"> <tr><td></td></tr> <tr><td></td></tr> <tr><td></td></tr> <tr><td></td></tr> <tr><td></td></tr> <tr><td></td></tr> </table>						

Undirskrift	
Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:	
Nafn og kennitala	Staður og dagsetning
Nafn og kennitala	Undirskrift umsækjanda

Útfyllist af Sparisjóðnum		
Tegund skilríkja sem framvísað er:	Númer:	Gildistími:
Undirskrift starfsmanns		

Reikningsnúmer: _____

Umsækjandi

Nafn		Kennitala	
Heimili		Atvinna	
Póstnúmer	Staður	GSM sími	Heimasími
		Vinnusími	

Aukakort

Nafn		Kennitala	
Heimili		Atvinna	
Póstnúmer og staður	GSM sími	Heimasími	Vinnusími

Jafnframt veitir undirritaður umsækjandi ofangreindum aukakortshafa umboð til að gefa út tékka á tékkareikningi þann sem sótt er um

**Staðfesting
reikningseiganda:** _____

Aðgangur að þjónustusíma Sparisjóðsins

Leyninúmer: _____

Yfirlýsing og undirskrift

Ég undirritaður skuldbind mig hér með til að:

- Nota eingöngu tékkaeyðublöð sem verða afhent til ávísunar á tékkareikning þennan.
- Skrifa ekki annað reikningsnúmer á eyðublöðin en mér er heimilt.
- Varðveita tékkaheftið/debetkortinu þannig að óviðkomandi komist ekki yfir það.
- Tilkynna Sparisjóðnum strax ef tékkaeyðublöð/debetkort glatast.
- Afhenda Sparisjóðnum öll ónotuð tékkaeyðublöð/debetkort ef reikningnum er lokað eða Sparisjóðurinn krefst þess af öðrum ástæðum
- Ef um launareikning er að ræða, er heimilt að gera vinnuveitenda aðvart, ef reikningurinn er misnotaður.
- Einnig samþykki ég bókunaraðferðir Sparisjóðsins.
- Að greiða þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá Sparisjóðsins eins og hún er á hverjum tíma.

Að öðrum kosti get ég orðið ábyrgur gagnvart Sparisjóðnum fyrir tjóni sem leiða kann af misnotkun tékkaeyðublaða/debetkorts. Einnig er mér ljóst að sé innistæða ekki næg á reikningum fyrir úttektum, getur það haft í för með sér refsíabyrgð lögum samkvæmt og nafn mitt kann að birtast í lokunarskrá tékkareikninga/debetkorta sem mun hafa í för með sér að öllum öðrum tékkareikningum/debetkortum, sem vera kunna á mínu nafni verði lokað.

Ég hef einnig kynnt mér reglur og skilmála er gilda um debetkort sem liggja frammi við undirritun þessa og hef ég fengið eintak þeirra.

Ég staðfesti hér með með undirritun minni að ég mun í einu og öllu fara eftir ákvæðum þeirra.

Staður og dagsetning _____

Undirskrift reikningseiganda _____

Undirskrift aukakortshafa _____

Útfyllist af Sparisjóði

Tegund skilríkja sem framvísað er: _____

Númer: _____

Aðalkort

- Ljósmynd og undirskrift eru til á skrá
- Kennisþjald er útbúið nú

Aukakort

- Ljósmynd og undirskrift eru til á skrá
- Kennisþjald er útbúið nú

Kortategund**Athugasemdir**

Samþykki starfsmanns _____

Afgreiðslustaður _____

Umsókn og skilmálar.

Undirritaður sækir hér með um aðgang að Heima- eða Fyrirtækjabanka á vefsvæði Sparisjóðsins.

Sótt um: Heimabanki Fyrirtækjabanki

Upplýsingar einstaklings/lögaðila:

Nafn: _____ Kennitala: _____

Heimilisfang: _____ Sími/gsm: _____

Póstnúmer: _____ Staður: _____ Netfang: _____

Upplýsingar tengiliðs/prókúruhafa (á aðeins við ef viðskiptavinur er lögaðili):

Nafn: _____ Kennitala: _____

Heimilisfang: _____ Sími/gsm: _____

Póstnúmer: _____ Staður: _____ Netfang: _____

Skuldfærslureikningur: _____ - _____ - _____ Notandanafn: _____

Eftirfarandi skilmálar kveða á um notkunarreglur vegna viðskipta á vefsvæði Sparisjóðsins.

Færslur sem gerðar eru eftir kl.21:00 kunna að vera afgreiddar næsta virka bankadag. Komi greiðslurdagur upp um helgi eða á frídegi greiðist fjárhæðin næsta virka bankadag.

1. Almenn notkun Heima- og Fyrirtækjabanka

- 1.1. Ef notandi hefur við undirskrift skilmála þessa ekki áður stofnað til viðskipta við Sparisjóðinn þá skal hann framvísa fullgildum persónuskilríkjum, þ.e. vegabréfi, ökuskríteini, nafnskríteini eða rafrænu skilríki, og láta Sparisjóðnum í té allar aðrar upplýsingar sem krafist er. Þessi skylda er tilkomin vegna laga nr. 64/2006 um varnir gegn peningþvætti.
- 1.2. Notandi fær forrit, notandaheiti og aðgangsorð sem hann notar í Heima- og/eða Fyrirtækjabanka á vefsvæði Sparisjóðsins. Auk almennra upplýsinga sem notanda eru aðgengilegar í Heima- og/eða Fyrirtækjabanka Sparisjóðsins eru allar fjárhagslegar upplýsingar svo og millifærslur takmarkaðar við skráð notandaheiti. Notandi samþykkir að hlíta eftirfarandi reglum um notkun notandaheitis og aðgangsorðs í tengslum við viðskipti sín á vefsvæði Sparisjóðsins.
- 1.3. Óski notandi þess getur hann fengið fleiri en eitt notandaheiti og aðgangsorð með misviðtækum aðgangsheimildum. Notandi getur veitt umboðsmönnum á reikningum í Sparisjóðnum aðgang að viðkomandi reikningum í gegnum Heima- og/eða Fyrirtækjabanka Sparisjóðsins til að framkvæma fjárhagslegar færslur.
- 1.4. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum aðgerðum sem og fjárhagslegum færslum sem framkvæmdar eru í Heima- og/eða Fyrirtækjabanka með notandanöfnum og aðgangsorðum hans eða í hans nafni. Undirskrift notanda á samning þennan jafngildir undirskrift fyrir þær færslur sem notandi gerir á vefsvæði Sparisjóðsins, enda séu færslur tryggðar með aðgangsorði. Sama gildir um færslur sem notandi gerir samkvæmt skriflegu umboði frá öðrum aðila. Notandi ber ábyrgð á öllum færslum þar sem rétt notandaheiti og aðgangsorð eru notuð en notkun réttis aðgangsorðs jafngildir undirskrift notanda. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem notandi getur orðið fyrir af röngum færslum.
- 1.5. Notandi ábyrgist að allir þeir fjármunir sem fara í gegnum Heima- og/eða Fyrirtækjabanka eru fjármunir í eigu notanda. Notandi skuldbindur sig til að tilkynna Sparisjóðnum skriflega ef einhverjir þeir fjármunir sem hann hefur eða kemur til með að afhenda Sparisjóðnum eru ekki í eigu hans sjálfs. Skylda þessi er tilkomin vegna ákvæða laga og reglna um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 1.6. Notandi ber fulla ábyrgð á meðferð notandaheita og aðgangsorða og skuldbindur sig til að varðveita slíkar öryggisupplýsingar með tryggum hætti og ber ábyrgð á því að þær berist ekki til óviðkomandi aðila eða séu aðgengilegar öðrum. Til að koma í veg fyrir misnotkun skal notandi tryggja að enginn óviðkomandi þekki aðgangsorðið eða hafi aðgang að forritinu þegar það er tengt Sparisjóðnum. Notandi skal t.d. ekki skilja við öryggisupplýsingar í vél- og/eða hugbúnaði þannig að þau sitji eftir í innsláttarglugga í vefskoðara og séu þannig aðgengileg öðrum.

- 1.7. Forritið gefur notanda möguleika á að skipta um aðgangsorð ef hann hefur minnstan grun um að óviðkomandi aðili sé kunnugt um það. Notandi skal tilkynna Sparisjóðnum án tafar ef grunur liggur á að óviðkomandi aðili hafi komist yfir upplýsingar um notandaheiti og/eða aðgangsorð hans að vefsvæði Sparisjóðsins. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að fara fram á að notandi skipti um aðgangsorð með því að senda notanda boð þar um. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á misnotkun ef einhver óviðkomandi aðili þekkir aðgangsorð notanda.
 - 1.8. Til að tryggja öryggi áskilur Sparisjóðurinn sér rétt til að verða ekki við fyrirmælum notanda ef Sparisjóðurinn af einhverjum ástæðum telur að fyrirmæli; hafi ekki verið gefin af notanda, séu óvenjuleg miðað við það sem almennt tíðkast í sambærilegum viðskiptum, séu sérstök eða óvenjuleg miðað við fyrri viðskipti, brjóti í bága við skilmála þessa eða Sparisjóðsins og /eða lög og reglur. Sparisjóðurinn áskilur sér einnig rétt til að verða ekki við fyrirmælum notanda ef vafi leikur á um aðgangsheimild eða efni viðskiptanna.
 - 1.9. Notandi leggur til þann vél- og hugbúnað sem nauðsynlegur er til móttöku og þjónustu Heima- og/eða Fyrirtækjabanka. Búnaðurinn skal uppfylla kröfur Sparisjóðsins hverju sinni og er notandi ábyrgur fyrir notkun á honum. Notanda er með öllu óheimilt að dreifa til annarra aðila aðgangi að hugbúnaði í tengslum við Heima- og/eða Fyrirtækjabanka Sparisjóðsins, upplýsingum úr þeim svo og leiðbeiningum um notkun kerfanna. Notandi ber fulla ábyrgð á þeirri aðferð og þeim búnaði sem hann kys að nota við tölvutengingar við vefsvæði Sparisjóðsins vegna viðskipta í Heima- og/eða Fyrirtækjabanka. Á sama hátt ber notandi ábyrgð á að búnaður hans sé rétt stilltur og í samræmi við fyrirmæli Sparisjóðsins eins og þau kunna að vera á hverjum tíma. Í vafatilvikum ber að hafa samband við Sparisjóðinn. Sparisjóðurinn hefur heimild til að skoða tæknilegt umhverfi og tölvutengingar notanda sem og önnur atriði er tengjast tölvutengingu við Sparisjóðinn vegna viðskipta í Heima- og/eða Fyrirtækjabanka Sparisjóðsins.
 - 1.10. Notanda ber að tilkynna Sparisjóðnum án tafar ef eitthvað í tæknilegri þjónustu Sparisjóðsins bílar eða bregst, notandi verður var við óvenjulegar seinkanir eða villuboð þegar hann notar Heima- og/eða Fyrirtækjabankann.
 - 1.11. Ef notandi sendir beiðni um gjaldeyrisyfirfærslu þá skuldbindur notandi sig til að hlíta í einu og öllu ákvæðum laga um gjaldeyrisráðgjafi, nr. 87/1992 svo og reglum og reglugerðum samkvæmt þeim.
 - 1.12. Ef notandi nýtir sér aðgang að vefsvæði Sparisjóðsins frá öðru landi en Íslandi er það á ábyrgð notanda því í einstaka ríkjum kann það að vera lögbrot og/eða varðað við refsíábyrgð að nota veraldarvefinn eða tiltekin fjarskiptatæki.
 - 1.13. Öll viðskipti sem eiga sér stað á grundvelli samnings þessa eru meðhöndluð sem trúnaðarmál.
- 2. Kostnaður og gjöld**
- 2.1. Notandi greiðir fyrir notkun á Heima- og/eða Fyrirtækjabanka í samræmi við gjaldskrá Sparisjóðsins eins og hún er á hverjum tíma. Gjaldið er skuldfært á reikning sem tilgreindur er í þessum samningi. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að krefjast þjónustugjalds fyrir nýja/breytta þjónustu sem Sparisjóðurinn mun bjóða notanda í framtíðinni. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að ákvarða einhliða þá þjónustu sem Heima- og/eða Fyrirtækjabanki Sparisjóðsins veitir á hverjum tíma og auka hana eða minnka.
 - 2.2. Þjónustugjöld verða gjaldfærð á ofangreindan skuldfærslureikning.
- 3. Ábyrgð**
- 3.1. Sparisjóðurinn ábyrgist ekki aðgang að vefsvæði Sparisjóðsins öllum stundum. Sparisjóðurinn ber í engum tilfellum ábyrgð á tjóni vegna tapaðra viðskiptatækifæra eða annars óbeins tjóns eða aukins kostnaðar af viðskiptum vegna bilana, tímabundinni lokun eða truflana á vefsvæði Sparisjóðsins hvort sem rekja megi þær til utanaðkomandi aðila eða Heima- og/eða Fyrirtækjabanka. s.s. vegna uppfærslna eða lagfæringar á vélbúnaði eða hugbúnaðarkerfum Heima- og/eða Fyrirtækjabanka eða vegna mistaka eða gáleysis starfsmanna sem veldur rofi eða truflun eða breytingu á virkni á þjónustu eða aðgangi að vefsvæði Sparisjóðsins. Í þeim tilvikum þar sem notandi getur ekki nýtt sér Heima- og/eða Fyrirtækjabankann, er honum bent á að nýta sér aðrar leiðir til að koma fyrirmælum til Sparisjóðsins.
 - 3.2. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á neinu óbeinu eða afleiddu tjóni, sem notandi kann að verða fyrir, hvaða nafni sem það kann að nefnast. Sparisjóðurinn er ekki ábyrgur fyrir atvikum sem stafar af óviðráðanlegum orsökum (force majeure) t.d. verkföllum, truflun í síma- og fjarskiptanetum, rafmagnsleysis, hryðjuverkum, náttúruhamförum, viðskiptabanni og öðrum sambærilegum atvikum sem leiða til þess að notandi getur ekki nýtt sér þjónustu í Heima- og/eða Fyrirtækjabanka.
 - 3.3. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem stafar af atburðum sem eru stjórnmálalegs, félagslegs, fjármálalegs eða efnahagslegs eðlis og eru líklegt til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti þá þjónustu sem Heima- og/eða Fyrirtækjabankinn veitir, jafnvel þó að slík atvik flokkist ekki undir óviðráðanleg atvik í lið 3.2.
 - 3.4. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á tjóni notanda sem hlotist getur af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun notanda eða annars aðila með eða án hans umboðs á notkunareglum Heima- og/eða Fyrirtækjabanka. Einnig ber Sparisjóðurinn ekki ábyrgð á tjóni sem hlotist getur af vél- og tölvubúnaði, forriti eða þjónustu Heima- og/eða Fyrirtækjabanka. Á sama hátt undanskilur Sparisjóðurinn sig ábyrgð á tjóni sem hlotist getur af röngum færslum notanda eða annars aðila. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á tjóna sem hlotist getur vegna upplýsinga eða aðgerða þriðja aðila, s.s. Reiknistofu bankanna.
 - 3.5. Bótaábyrgð Sparisjóðsins er bundin því skilyrði, að tjón notanda megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna Sparisjóðsins. Sparisjóðurinn ber hins vegar ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til saknæmrar háttsemi annarra en starfsmanna Sparisjóðsins, eða ef tjón verður vegna utanaðkomandi atburðar án þess að starfsmenn Sparisjóðsins hafi átt þar hlut að máli, s.s. vegna tæknibilana eða annars konar truflana.
 - 3.6. Sparisjóðurinn ábyrgist ekki tjón notanda sem verður við það, að aðrir en hann komist yfir og misnota notandanafn og/eða aðgangsorð sem varðar aðgang að reikningum og þjónustu notanda í Sparisjóðnum.

- 3.7. Fjárhæð bóta vegna slíkra mistaka sem greinir hér að ofan, skal takmarkast við beint tjón. Eigi Sparisjóðurinn kröfu á tjónþola skal honum heimilt að láta kröfurnar mætast með skuldajöfnuði svo langt sem skuldajöfnuðurinn kann að ná.
4. **Uppsögn og lokun á aðgangi að Heimabanka**
- 4.1. Aðilar samnings þessa geta hvenær sem er sagt samningnum upp. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 14 dagar og telst frá þeim degi sem uppsögn berst gagnaðila með sannanlegum hætti. Sé samningi sagt upp gjaldfalla allar skuldir og gjöld notanda við Sparisjóðinn vegna viðskipta þeirra á milli á grundvelli skilmála þessa. Uppgjör skal fara fram að öllu leyti við lok uppsagnarfrests.
- 4.2. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að loka Heima- og/eða Fyrirtækjabankanum tímabundið ef nauðsyn krefur. Sparisjóðurinn skuldbindur sig til að hafa viðskiptasíður sínar aðgengilegar á veraldarvefnum. Þó geta tæknibílanir valdið því að viðskiptasíður Sparisjóðsins verði óaðgengilegar um stundarsakir.
- 4.3. Sparisjóðurinn getur lokað fyrir aðgang notanda að Heima- og/eða Fyrirtækjabanka og rift samningi þessum fyrirvaralaust og án tilkynningar meðal annars; ef notandi vanefnir á einhvern hátt skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum eða öðrum sem tengjast viðskiptum hans við Sparisjóðinn, ef notandi gefur fyrirmæli um að loka fyrir aðgang, notandi hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í tengslum við reikning eða þjónustu, hann gefið rangar upplýsingar við umsókn um aðgang að Heima- og/eða Fyrirtækjabanka, aðgangur að Heima- og/eða Fyrirtækjabanka eða reikningur eða þjónusta er notuð á ólöglegan hátt eða í ósamræmi við skilmála þessa eða aðra skilmála Sparisjóðsins. Þetta á einnig við um ef um misnotkun eða tilraun til misnotkunar er að ræða af hálfu notanda. Leiti notandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða annarra sambærilegra réttaráræða, er Sparisjóðnum jafnframt heimilt að afturkalla fyrirvaralaust og án tilkynningar heimild notanda til að eiga viðskipti á vefsvæði Sparisjóðsins. Hið sama gildir ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum, beðið er um uppboð á eignum hans, krafist er gjaldprotaskipta á búi hans eða aðrar sambærilegar aðstæður koma upp sem að mati Sparisjóðsins gefa til kynna slæma fjárhagsstöðu notanda.
- 4.4. Notandi getur hvenær sem er lokað aðgangi að Heimabanka með því að senda skrifleg fyrirmæli til Sparisjóðsins.
5. **Breytingar á skilmálum**
- 5.1. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum, auka við þá eða fella úr gildi, reynist það nauðsynlegt að mati Sparisjóðsins. Notandi er bundinn við þær breytingar, nema hann tilkynni Sparisjóðnum um uppsögn á samningnum með sannanlegum hætti innan 14 daga frá tilkynningu eða auglýsingu um breytta skilmála eða þjónustu. Notandi skuldbindur sig til að kynna sér allar slíkar tilkynningar sem honum berast og til að fylgjast vel með tilkynningum á heimasíðu Sparisjóðsins á veraldarvefnum, en notandi samþykkir með undirritun sinni að tilkynningar kunna að vera birtar eingöngu þar.
6. **Yfirlýsing notanda**
- 6.1. Notandi hefur kynnt sér þær reglur sem gilda um notkun Heima- og/eða Fyrirtækjabanka Sparisjóðsins og staðfestir með undirskrift sinni hér að neðan að hann muni fylgja þeim í hvívetna.
7. **Varnarþing**
- 7.1. Rísi mál vegna skilmála þessa eða deila í tengslum við þá má rekja það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
8. **Sérákvæði þegar notandi er lögaðili**
- 8.1. Notandi ber fulla ábyrgð á þeim aðgerðum sem starfsmenn hans framkvæma með réttu notandaheiti og aðgangsorði hans hvort sem starfsmenn hans eru innan aðgangsheimilda sem notandi hefur úthlutað þeim eða ekki. Ákveði notandi að afturkalla eða breyta aðgangsheimild einstakra starfsmanna sinna eða ef starfsmaður sem ekki hefur aðgangsheimild hættir störfum, ber notandi ábyrgð á því að aðgangsheimild starfsmanns falli niður eða taki breytingum eftir því sem við á.
- 8.2. Skilmálar þessir og notkunarreglur eiga á sama hátt við um notandan sjálfan sem og þá starfsmenn hans sem á hverjum tíma hafa aðgang að Heima- og/eða Fyrirtækjabanka Sparisjóðsins.
- 8.3. Notandi skuldbindur sig til að kynna starfsmönnum sínum sem hafa/fá aðgang að viðskiptum á vefsvæði Sparisjóðsins skilmála þessa og notkunarreglur. Öll önnur ákvæði í skilmálum þessum eiga við um lögaðila á sama hátt og einstaklinga.

Með undirskrift minni á samning þennan fellst ég á framangreinda skilmála og samþykki að hlíta þeim að öllu leyti.

Fullgilt skilríki notanda sýnt við undirritun, teg. og númer skilríkis: _____

Undirskrift notanda: _____

Staður og dagsetning: _____

Undirskrift starfsmanns: _____